

Stafrænt deiliskipulag

Gagnalýsing

1.2 útgáfa, mars 2026



Efnisyfirlit

1 Yfirlit	3
2 Umfang	4
3 Auðkenning	4
4 Gagnatilhögun	4
4.1 Sameiginlegar fitjueigindir	5
4.2 Fitjutegundin Skipulag	5
4.3 Fitjutegundin Lodir	7
4.4 Fitjutegundin Byggingarreitir	8
4.5 Fitjutegundin Kvaðir	10
4.6 Fitjutegundin Samgöngur	11
5 Hnitakerfi	12
6 Gæði	12
7 Viðhald og miðlun gagna	12
7.1 Fyrirvarar	12
8 Lýsigögn	13

1 Yfirlit

Titill	Stafrænt deiliskipulag, gagnalýsing
Dagsetning	Mars 2025
Ábyrgðaraðili	Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) Borgartúni 21, 105 Reykjavík Netfang: skipulag@hms.is

Um gögnin

Gagnalýsing þessi lýsir tilhögun og innihaldi stafrænna deiliskipulagsgagna og nær til allra stafrænna skipulagsgagna deiliskipulags samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Gagnalýsingunni er ætlað að samræma stafræn gögn deiliskipulags og auðvelda notkun þeirra og túlkun.

Um er að ræða fyrstu útgáfu gagnalýsingar fyrir stafrænt deiliskipulag. Í gagnalýsingunni er fitjutegundum og fitjueigindum stafræns deiliskipulags lýst. Gagnalýsingin verður uppfærð og gefin út að nýju eftir því sem þörf krefur.

Gagnalýsingin er sett fram í samræmi við staðal ÍST EN ISO 19131:2008 um gagnalýsingar fyrir landupplýsingagögn og eftir atvikum í samræmi við aðra ISO staðla. Til hliðsjónar var einnig gagnalýsing fyrir örnefni frá Landmælingum Íslands.

Gerð stafræns deiliskipulags er á hendi hlutaðeigandi sveitarfélaga sem bera ábyrgð á gerð deiliskipulags samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. HMS annast gerð gagnalýsingar, hefur umsjón með stafrænum gögnum deiliskipulags og ber ábyrgð á að gera þau aðgengileg með stafrænum hætti.

Stafræn deiliskipulagsgögn eru öllum opin og nýttast jafnt almenningi, opinberum aðilum og atvinnulífinu. Hægt verður að nálgast þau í vefsíðu HMS.

Helstu hugtök

Gagnalýsing (data product specification)	Opinbert skjal þar sem sett er fram lýsing á því hvernig landupplýsingagögn um tiltekið efni eru flokkuð og skráð. Lýsingin nær yfir gögn sem saman mynda ákveðna afurð (t.d. stafrænt deiliskipulag).
Landupplýsingar (geographic information)	Gögn og upplýsingar sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkennum, t.d. póstnúmer eða staðfangi ákveðins byggingarreits.
Landupplýsingakerfi (geographical information system)	Ýmsir miðlar og kerfi sem meðhöndla, greina og birta landupplýsingar, þar á meðal hugbúnaður sem getur varðveitt, greint og birt landupplýsingar. Til dæmis ArcGIS eða QGIS.
Fitja (feature)	Líkan af náttúrulegu eða manngerðu fyrirbæri sem á sér staðsetningu eða umfang á, í eða yfir jörðu. Fitja getur verið auðkennd sem punktur, lína eða fláki. Í deiliskipulagi getur það m.a. átt við byggingarreit og landeign.
Fitjueigind (feature attribute)	Fitjueigind er eiginleiki eða einkenni fitju. Í deiliskipulagi getur fitjueigind m.a. verið tegund mannvirkis, byggingarmagn og önnur skipulagsákvæði.

Fitjutegund (feature type)	Flokkur fitja, sem búa yfir sömu eiginleikum. Í deiliskipulagi eru t.d. byggingarreitir ein fitjutegund sem eiga það sameiginlegt að vera flákar sem skilgreina heimildir um stærð bygginga o.fl. á tilteknu svæði.
Gagnagrunnur (database)	Skipulagt kerfi til að geyma tölvuskráð gögn um tiltekið efni, skipa þeim niður eftir innbyrðis venslum, vinna úr þeim og heimta þau.
Fláki (polygon)	Afmarkað svæði sem myndað er úr þremur eða fleiri línur sem tengjast og mynda þannig eina heild. Dæmi um fláka í deiliskipulagi getur til að mynda verið landeignarfláki sem þekur ákveðið landsvæði.

2 Umfang

Gögnin innihalda stafrænt deiliskipulag sveitarfélaga sem nær yfir öll stafræn deiliskipulagsgögn samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Stafrænt deiliskipulag nær yfir afmarkað svæði eða reit innan viðkomandi sveitarfélags.

Gögnin eiga uppruna hjá viðkomandi sveitarfélögum sem bera ábyrgð á að vinna deiliskipulag innan sinna sveitarfélagamarka. HMS fær endanleg gögn afhent frá sveitarfélögum þegar deiliskipulag hefur tekið gildi og heldur utan um þau og birtir í landfræðilegum gagnagrunni sem stækkar og uppfærir jafnóðum og gögn berast. Endanlegt landfræðilegt umfang gagnanna verður því svæði eða reitir innan allra sveitarfélaga á Íslandi þar sem deiliskipulagsáætlanir hafa verið samþykktar.

3 Auðkenning

Titill	Stafrænt deiliskipulag, gagnalýsing
Landfræðilegt umfang	Öll stafræn deiliskipulagsgögn sveitarfélaga samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
Tilgangur	Gagnalýsingunni er ætlað að lýsa tilhögun stafrænna deiliskipulagsgagna og auðvelda notkun og túlkun þeirra. Allir hafa aðgang að gögnunum sem nýtast jafnt almenningi, opinberum aðilum og atvinnulífinu.

4 Gagnatilhögun

Stafræn deiliskipulagsgögn samanstanda af fimm fitjutegundum.

Heiti fitjutegunda og eiginda eru í samræmi við tilmæli í ISO 19103 og innihalda ekki séríslenska stafi, tákn eða stafabil.

- **Heiti fitjueiginda** sem samsett eru úr mörgum orðum eru myndað með því að steypa saman orðum án bils með fyrsta staf í seinna orði með hástaf en aðra stafi lágstafi (t.d. gildirTil).
- **Heiti fitjutegunda** sem eru samsett úr mörgum orðum lúta sömu reglum og heiti fitjueiginda nema að því leyti að fyrsti stafur er einnig hástafur (t.d. OnnurakvaediPunktur).

4.1 SAMEIGINLEGAR FITJUEIGINDIR

Fjórar fitjueigindir eru sameiginlegar fyrir öll gögn stafræns deiliskipulags, þ.e. fyrir allar fitjutegundir.

Tafla 1. Sameiginlegar fitjueigindir.

Fitjueigindir	
Eigind: audkenni (auðkenni)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Einkvæmt númer upphaflegrar skipulagsáætlunar, notað til venslunar. Fyllt út af HMS.
Eigind: gildirFra (gildir frá)	
Gerð:	Dagsetning
Skilgreining:	Dagurinn sem viðkomandi skipulagsgagn tekur gildi, með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Fyllt út af HMS þegar skipulagsákvörðun tekur gildi.
Eigind: gildirTil (gildir til)	
Gerð:	Dagsetning
Skilgreining:	Síðasti dagur sem skipulagsgagn er í gildi. Fyllt út af HMS þegar ný skipulagsákvörðun tekur gildi sem fellir viðkomandi ákvörðun úr gildi.
Eigind: skipnr (skipulagsnúmer)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Einkvæmt númer viðkomandi skipulagsáætlunar. Fyllt út af HMS.

4.2 FITJUTEGUNDIN SKIPULAG

Fitjutegundin *Skipulag* nær yfir heildarafmörkun deiliskipulags eða afmörkun breytingar á deiliskipulagi, þegar það á við. Fitja af fitjutegundinni *Skipulag* lýsir þannig afmörkun deiliskipulagsins í heild með því að afmarka skipulagssvæði þess, eða afmörkun skipulagsbreytingarinnar, ef um breytingu á deiliskipulagi er að ræða. Ef skipulagssvæði samanstendur af fleiri en einni landfræðilegri heild eru svæðin táknuð með einni fitju (e. multipolygon).

Tafla 2. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina *Skipulag*.

Fitjueigindir	
Eigind: heiti (heiti deiliskipulags)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Opinbert heiti deiliskipulags, eða heiti deiliskipulagsbreytingar, þegar um breytingu er að ræða.

Eigind: **skipStig (skipulagsstig)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Heiti skipulagsstigs samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Eigind: **malsMed (málsmeðferð)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Tilgreinir þá málsmeðferð sem skipulag fær samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, hvort um heildarskipulag er að ræða eða breytingu á skipulagi.

Tilbúin gildi:

DSK	Deiliskipulag
BR	Breyting á deiliskipulagi
OBR	Óveruleg breyting á deiliskipulagi

Eigind: **malsnr (málsnúmer)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Málsnúmer í skjalakerfi HMS.

Fyllt út af HMS.

Eigind: **heitiStj (heiti stjórnvalds)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Heiti sveitarfélags sem ber ábyrgð á gerð deiliskipulagsins.

Eigind: **nrStj (númer stjórnvalds)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Númer sveitarfélags sem ber ábyrgð á gerð deiliskipulagsins.

Eigind: **fyrirm (fyrirmæli)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Tilvísanir í lög og reglugerð sem skipulagið er unnið eftir, þ.e. gildandi skipulagslög og skipulagsreglugerð.

Fyllt út af HMS.

Eigind: **skipulagsskjöl (skipulagsskjöl)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Vefslóð sem vísar á staðfest skipulagsgögn, uppdrátt og greinargerð, á pdf formi sem vistað er í skjalakerfi HMS.

Fyllt út af HMS.

4.3 FITJUTEGUNDIN LODIR

Fitjur af fitjutegundinni *Lodir* eru flákar sem afmarka lóðir innan viðkomandi deiliskipulags. Gera skal grein fyrir stærð þeirra og ákveða skal nýtingarhlutfall eftir landfræðilegum aðstæðum og markmiðum skipulagsins.

Tafla 3. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Lodir.

Fitjueigindir	
Eigind: staerd (stærð lóðar)	
Gerð:	Heiltala
Skilgreining:	Viðmiðunarstærð lóðar í samræmi við ákvæði í skipulagsgreinargerð viðkomandi deiliskipulags. Sett fram í fermetrum (m ²), án aukastafa.
Eigind: nytHlutf (nýtingarhlutfall)	
Gerð:	Rauntala
Skilgreining:	Hlutfall milli heildarflatarmáls bygginga á lóð eða afmörkuðu svæði og flatarmáls lóðar eða reits, sett fram sem tugabrot með tveimur aukastöfum. Skilgreining skipulagsreglugerðar (breyting nr. 903/2016): Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli ÍST50:1998 varðandi byggingarhluta í lokunarflokkum A og B. Undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, sbr. ÍST 21:1971.
Eigind: landnr (landnúmer lóðar)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Landnúmer viðkomandi lóðar, ef við á.
Eigind: heiti (heiti lóðar)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Heiti eða staðfang viðkomandi lóðar.
Eigind: skilmalar (skilmálar)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Skilmálar sem gilda um þann reit sem fitjan afmarkar umfram það sem kemur fram í stefnu og almennum skipulagsskilmálum viðkomandi deiliskipulags.
Eigind: nakvaemni (mælikvarði)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Mælikvarði staðfests skipulagsuppdráttar sem fitja byggir á, segir til um nákvæmni túlkunar á landfræðilegum afmörkunum.

4.4 FITJUTEGUNDIN BYGGINGARREITIR

Fitjur af fitjutegundinni *Byggingarreitir* eru flákar sem afmarka reiti fyrir byggingar og önnur mannvirki innan viðkomandi deiliskipulags. Staðsetja skal byggingarreiti og gera grein fyrir skilmálum sem gilda um stærð bygginga og hæðarfjölda ofan og neðan jarðar þar sem við á. Gera skal grein fyrir fjölda íbúða og gistirúma þar sem við á. Gera skal grein fyrir núverandi byggingarmagni og heimiluðu niðurrifi þar sem við á. Gera skal grein fyrir stærð og umfangi annarra mannvirkja svo sem virkjana-, fjarskipta- og veitumannvirkja, samgöngumannvirkja o.fl.

Tafla 4. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Byggingarreitir.

Fitjueigindir	
Eigind: byggTeg (tegund byggingar eða mannvirkis)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Tilbúin gildi: Íbúðarhús Fristundahús Hótel og veitingahús Skáli Verslunar- og þjónustuhúsnæði Atvinnuhúsnæði Iðnaðarhúsnæði Samgöngustöð Starfsmannaíbúðir Samfélagsþjónusta Bílageymsla Blönduð notkun Veitu- og virkjanamannvirki Landbúnaðarhúsnæði Djúpgámar Annað (nánari útskýring sett í reitinn „lýsing“)
Eigind: bílageymsla (bílageymsla í kjallara)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Upplýsingar um hvort byggingarreitur innihaldi bílageymslu neðanjarðar, ef við á. Tilbúin gildi: Já Nei
Eigind: stadfang (fyrirhugað staðfang)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Upplýsingar um hvar byggingarreitur er staðsettur, þ.e. númer og heiti götu eins og það er sett fram á skipulagsupprætti.
Eigind: haedirOfan (fjöldi hæða ofanjarðar)	
Gerð:	Heiltala
Skilgreining:	Hámarks fjöldi hæða sem heimilt er að hafa ofanjarðar á byggingarreit samkvæmt skilmálum deiliskipulags.

Eigind: **haedirNedan (fjöldi hæða neðanjarðar)**

Gerð: Heiltala

Skilgreining: Hámarks fjöldi hæða sem heimilt er að hafa neðanjarðar á byggingarreit samkvæmt skilmálum deiliskipulags, ef við á.

Eigind: **byggmagn (hámarks byggingarmagn)**

Gerð: Heiltala

Skilgreining: Hámarks heildar byggingarmagn (brúttóflatarmál) sem heimilt er á byggingarreitnum samkvæmt skilmálum deiliskipulags. Sett fram í fermetrum (m²) án aukastafa.

Eigind: **byggmagnOfan (hámarks byggingarmagn ofanjarðar)**

Gerð: Heiltala

Skilgreining: Hámarks byggingarmagn (brúttóflatarmál) sem heimilt er að hafa ofanjarðar á byggingarreitnum samkvæmt skilmálum deiliskipulags. Sett fram í fermetrum (m²) án aukastafa.

Eigind: **byggmagnNedan (hámarks byggingarmagn neðanjarðar)**

Gerð: Heiltala

Skilgreining: Hámarks byggingarmagn (brúttóflatarmál) sem heimilt er að hafa neðanjarðar á byggingarreitnum samkvæmt skilmálum deiliskipulags, ef við á. Sett fram í fermetrum (m²) án aukastafa.

Eigind: **byggmagnNuv (núverandi byggingarmagn)**

Gerð: Heiltala

Skilgreining: Heildar byggingarmagn sem er til staðar á byggingarreitnum, ef við á. Sett fram í fermetrum (m²) án aukastafa.

Eigind: **nidurrif (niðurrif innan byggingarreits)**

Gerð: Heiltala

Skilgreining: Niðurrif á núverandi byggingum sem heimilað er samkvæmt skilmálum deiliskipulags, ef við á. Sett fram í fermetrum (m²) án aukastafa.

Eigind: **ibudirFj (hámarksfjöldi íbúða)**

Gerð: Heiltala

Skilgreining: Hámarksfjöldi íbúða sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir á byggingarreitnum, ef við á.

Eigind: **gistiFj (fjöldi gistirúma)**

Gerð: Heiltala

Skilgreining: Heildarfjöldi gistirúma sem heimilaður er á byggingarreitnum, ef við á.

Eigind: **skilmalar (skilmálar)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Skilmálar sem gilda um þann reit sem fitjan afmarkar umfram það sem kemur fram í stefnu og almennum skipulagsskilmálum viðkomandi deiliskipulags.

Eigind: **lysing (lýsing)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Stutt lýsing á viðkomandi fitju, þar sem það á við. Felur ekki í sér skipulagsákvæði.

Eigind: **nakvaemni (mælikvarði)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Mælikvarði staðfests skipulagsuppráttar sem fitja byggir á, segir til um nákvæmni túlkunar á landfræðilegum afmörkunum.

4.5 FITJUTEGUNDIN KVAÐIR

Fitjur af fitjutegundinni *Kvaðir* eru flákar sem afmarka kvaðir eða takmarkanir innan viðkomandi deiliskipulags. Gera skal grein fyrir takmörkunum sem gilda innan deiliskipulags vegna lagna eða aðkomu um lóðir. Getur einnig átt við verndarsvæði, helgunarsvæði og svæði þar sem ekki eru heimilaðar framkvæmdir.

Tafla 5. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Kvaðir.

Fitjueigindir

Eigind: **kvadirTeg (tegund kvaðar)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Kvaðir eða takmarkanir sem lagðar eru á einstakar lóðir eða landsvæði í deiliskipulagi og hafa landfræðilega afmörkun, t.d. um aðkomu ökutækja, aðgengi gangandi/hjólandi, helgunarsvæði lagna og vega, verndarsvæði og gróður og landmótun.

Tilbúin gildi:

Aðkoma ökutækja
Aðgengi gangandi/hjólandi
Helgunarsvæði veitna
Veghelgunarsvæði
Helgunarsvæði fornleifa
Hindranafloður flugvallar
Hverfisvernd
Vatnsvernd
Gróður og landmótun
Ofanvatnslausnir
Annað

Eigind: **skilmalar (skilmálar)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining:	Skilmálar sem gilda um þann reit sem fitjan afmarkar umfram það sem kemur fram í stefnu og almennum skipulagsskilmálum viðkomandi deiliskipulags.
Eigind: lýsing (lýsing, ef við á)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Stutt lýsing á viðkomandi fitju, þar sem það á við. Felur ekki í sér skipulagsákvæði.
Eigind: nakvaemni (mælikvarði)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Mælikvarði staðfests skipulagssuppráttar sem fitja byggir á, segir til um nákvæmni túlkunar á landfræðilegum afmörkunum.

4.6 FITJUTEGUNDIN SAMGÖNGUR

Fitjur af fitjutegundinni *Samgöngur* eru flákar sem afmarka samgöngu- og umferðarmannvirki innan viðkomandi deiliskipulags. Aðeins skal gera grein fyrir því samgöngukerfi sem fyrirhugað er skv. skipulagi.

Tafla 6. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Samgöngur.

Fitjueigindir	
Eigind: samgongurTeg (tegund)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Tilbúin gildi: Vegur Stígur Reiðstígur Bílastæði Hjólástæði Jarðgöng Stokkur Flugbraut/lendingarstaður Hafnarmannvirki Sporbundin umferð/umferð í sérrými Annað
Eigind: skilmalar (skilmálar)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Skipulagsskilmálar sem gilda um þann reit sem fitjan afmarkar umfram það sem kemur fram í stefnu og almennum skipulagsskilmálum viðkomandi deiliskipulags.
Eigind: lýsing (lýsing, ef við á)	
Gerð:	Textastrengur
Skilgreining:	Stutt lýsing á viðkomandi fitju, þar sem það á við. Felur ekki í sér skipulagsákvæði.

Eigind: **nakvaemni (mælikvarði)**

Gerð: Textastrengur

Skilgreining: Mælikvarði staðfests skipulagsuppráttar sem fitja byggir á, segir til um nákvæmni túlkunar á landfræðilegum afmörkunum.

5 Hnitakerfi

Gögn sem þessi gagnalýsing nær til eru sett fram í hnitakerfinu ÍSN93 (EPSG:3057).

6 Gæði

Gæði deiliskipulagsgagna eru á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags. Skipulagsgögn skulu sett fram í samræmi við þessa gagnalýsingu og kröfur um tilhögun stafrænna skipulagsgagna samkvæmt skipulagslögum og skipulagsreglugerð.

Stafrænt deiliskipulag á að endurspeгла heimildir og skipulagsskilmála sem sett eru fram í samþykktu deiliskipulagi. Komi upp vafamál eða ágreiningur um túlkun deiliskipulags á stafrænu formi, eða ef misræmi er á milli stafrænna gagna og samþykktu gagna deiliskipulags, gilda samþykkt deiliskipulagsgögn, þ.e. útprentaður samþykktur skipulagsuppráttur í réttum mælikvarða og skipulagsgreinargerð.

Fyrir 1. janúar 2025 var eingöngu haldið utan um skipulagsmörk í stafrænu deiliskipulagi og er þar um að ræða fitjur sem voru dregnar upp handvirkt af staðfestum skipulagsuppráttum og/eða byggðar á teiknigögnum (CAD) sveitarfélaga. Eru þær fitjur almennt ekki afmarkaðar mjög nákvæmt. Nákvæmni túlkunar á landfræðilegum afmörkunum í stafrænu deiliskipulagi ræðst af mælikvarða staðfesta skipulagsuppráttu.

7 Viðhald og miðlun gagna

Allar lagfæringar, breytingar og endurskoðun á skipulagsgögnum eru á forræði þess sveitarfélags sem gögnin eiga uppruna hjá. Sveitarfélög skila gögnunum til HMS sem hefur umsjón með varðveislu og miðlun þeirra. Stafrænir deiliskipulagsgrunnar sem borist hafa HMS verða aðgengilegir í Deiliskipulagssjá HMS.

Opin gögn HMS eru gefin út samkvæmt [Creative Commons Attribution 4.0 International License](#). Það þýðir í grófum dráttum að nefna þarf viðkomandi sveitarfélag sem ábyrgðaraðila gagnanna, HMS sem heldur utanum gögnin, heiti gagnasafns og tíma sem gögn voru sótt. Dæmi: Inniheldur gögn úr Deiliskipulagi Hamrahverfis, sótt í skipulagsgagnagrunn HMS í mars 2026.

7.1 FYRIRVARAR

Stafræn deiliskipulagsgögn sem bárust Skipulagsstofnun (nú HMS) fyrir 1. janúar 2025 fylgja ekki gagnatilhögun sem kynnt er í gagnalýsingu og innihalda eingöngu deiliskipulagsmörk. Þau gögn voru unnin áður en samræmd tilhögun á stafrænum deiliskipulagsgögnum lá fyrir. Fitjur voru ýmist dregnar handvirkt upp af staðfestum skipulagsuppráttum á pdf formi og/eða byggðar á eldri teiknigögnum (CAD)

sveitarfélaga. Nákvæmni gagnanna var ekki skráð og því er nauðsynlegt að hafa skipulagsupprætti til hliðsjónar við túlkun þeirra.

8 Lýsigögn

Í lögum um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar (nr. 44/2011) er kveðið á um að stjórnvöld skuli skrá lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Lýsigögn gefa upplýsingar um einkenni og eiginleika gagnasafna. Meðal þess sem sett er fram í lýsigögnum eru upplýsingar um umfang og nákvæmni gagna, hvort þau séu hluti af stærra gagnamengi, hvenær gögnin eru unnin, hver ber ábyrgð á gögnunum og aðrar upplýsingar sem eiga við viðkomandi gögn.

Lýsigögn fyrir stafrænt deiliskipulag eru skráð í Lýsigagnagátt Landmælinga Íslands.